



Bíldudalslína spennuhækjun

ÁRSSKÝRSLA 2010



ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf
33. STARFSÁR



EFNISYFIRLIT

<i>Stjórn og stjórnskipulag.....</i>	3
<i>Formáli.....</i>	4
<i>Ávarp stjórnarformanns.....</i>	5
<i>Helstu framkvæmdir 2010</i>	6
<i>Helstu framkvæmdir 2011</i>	7
<i>Íbúafjöldi á orkuveitusvæði O.V.</i>	8
Ársreikningur.....	9-25
<i>Mjólká III</i>	26-27
<i>Raforkukerfi Vestfjarða.....</i>	28
<i>Rekstrartruflanir.....</i>	29
<i>Orkubú Vestfjarða fær viðurkenningu</i>	29
<i>Vatnsaflsvirkjanir.....</i>	30
<i>Kyndistöðvar.....</i>	31
<i>Díselstöðvar.....</i>	32
<i>Orkuöflun.....</i>	33
<i>Orkudreifing.....</i>	34

Skammstafanir

kV	= kílovolt	= 1.000 volt
kW	= kílowatt	= 1.000 wött
MW	= megawatt	= 1.000 kW
kVA	= kílovoltamper	= 1.000 voltamper
MVA	= megavoltamper	= 1.000 kVA
kWh	= kílowattstund	= 1.000 wattstundir
MWh	= megawattstund	= 1.000 kWh
GWh	= gígawattstund	= 1.000 MWh
GI	= gígalítrar	= 1.000 milljónir lítar

Forsíðumynd: Mjólká III

Ljósmyndir: Allar myndir teknar af starfsmönnum Orkubús Vestfjarða nema Neytendastofa bls. 29,

Umsjón: Orkubú Vestfjarða ohf.

Hönnun, umbrot og prentvinnsla: H-prent ehf.



Unnið við slit á Reykjaneslínu í Djúpi



STJÓRN OG STJÓRNSKIPULAG

Formaður:	Guðmundur Jóhannsson
Varaformaður:	Kolbrún Sverrisdóttir
Ritari:	Viktoría Rán Ólafsdóttir Árni Brynjólfsson Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir
Varamenn:	Jóna Benedíktsdóttir Þórir Örn Guðmundsson Ragnheiður Hákonardóttir Birna Benedíktsdóttir Gísli Jón Kristjánsson
Orkubússtjóri:	Kristján Haraldsson
Framkvæmdastjórar:	
Fjármálasviðs:	Sigurjón Kr. Sigurjónsson
Rafveitusviðs:	Halldór V. Magnússon
Orkusviðs:	Sölvi Rúnar Sólbergsson
Ábyrgðarmaður rafveitu:	Ragnar Emilsson

Skipurit
Orkubú Vestfjarða ohf





FORMÁLI

Orkubú Vestfjarða aflar sér raforku á samkeppnismarkaði og dreifir henni um eitt erfiðasta dreifisvæði landsins. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður er raforkuverð á Vestfjörðum, að meótoldum flutnings og dreifingarkostnaði, eitt hið lægsta í landinu.

Engu að síður er orkukostnaður heimila og fyrirtækja hærrí á Vestfjörðum en víðast annars staðar á landinu, þrátt fyrir lágt rafmagnsverð, og er ástæðan sú að Vestfirðingar hafa ekki aðgang að ódýrari orkugjöfum en rafmagni til húshitunar. Það er mikilvægt að þessi búsetumismunun verði jöfnuð og meira fé renni til niðurgreiðslna á húshitunarkostnaði þar sem ekki er að finna ódýra orkugjafa til húshitunar.

Það er talsvert kostnaðarsamara að dreifa raforkunni í dreifbýli heldur en þéttbýli og greiða íbúar í dreifbýli töluvert hærra verð fyrir dreifingu raforkunnar þrátt fyrir niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Það er réttlætismál að þessar niðurgreiðslur verði auknar þannig að raforkuverði verði það sama í þéttbýli og dreifbýli.

Árið 2010 varð hagnaður af venjubundnum rekstri Orkubús Vestfjarða sjóta árið í röð. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var með minna móti sökum þurrra og í flutningskerfum Orkubúsins urðu ekki nein meiri háttar rekstraráföll.

Á árinu 2009 voru teknar ákvarðanir um virkjunarframkvæmdir og endurnýjun í Mjólkárvirkjun á árunum 2010 og 2011. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði um 1.000 Mkr. og stefnir Orkubúið að því að fjármagna þær með fé frá rekstri, á næstu þremur árum, þannig að ekki þurfi að taka langtímalán þeirra vegna. Þetta hefur gengið eftir og var ný 1,2 MW virkjun, Mjólká III, tekin í notkun í lok síðasta árs.

Á árinu 2010 var 647 Mkr. varið til fjárfestinga, þar af voru tengigjöld og vinna greidd af öðrum 44,6 Mkr.. Byggð var við 1,2 MW virkjun. Grafinn var 12 kV jarðstengur milli aðveitustöðva á Ísafirði og í Bolungarvík. Þessi framkvæmd var hluti samstarfsverkefnis milli Orkubús Vestfjarða, Landsnets, Vegagerðar og Ísafjarðarbæjar. Með þessu opnast möguleiki á 12 kV tengingu milli þessara byggðarkjarna. Í sama skurð fór einnig 66 kV jarðstengur sem leysir af hólmi gamla loftlinu sem liggur frá Ísafirði, fram Hnífsdal til Bolungarvíkur. Hafist var handa við endurnýjun og þrifosun Barðastrandalínu með plægingu þriggja fasa jarðstrengs frá Sandodda Patreksfirði að botni Skápadals. Haldið var áfram endurbótum á Bíldudalslinu vegna fyrirhugaðrar spennuhækkunar. Nýr sæstengur var lagður yfir Steinþímsfjörð. Ný háspennutenging til Þingeyrar var tekin í notkun. Tvær nýjar spennistöðvar voru teknar í notkun í Óshlíðargöngum og nýr spennir var tekinn í notkun í spennistöð Kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal. Af öðrum framkvæmdum má nefna

endurbætur á dreifikerfi raforku í þéttbýli og dreifbýli, stækkun dreifikerfis hitaveitu og endurbyggingu ýmissa aðveitulína. Samið var um kaup á 7 MW vélasamstæðu sem kemur í stað 5,7MW vélar í Mjólká, jafnframt því sem unnið var að hönnun virkjunarinnar.

Allar fjárfestingar voru kostaðar af eigin fé fyrirtækisins eða greiddar af þeim sem þeirra óskuðu.

Heildarorkuöflun fyrirtækisins minnkaði um 5% frá fyrra ári og nam alls 236,6 GWh. Eigin orkuvinnsla var 87,1 GWh eða 36,8%, og orkukaup af Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, Sængurfossvirkjun, Dalsorku, Tunguvirkjun, Hvestuveitu og Funa voru 149,5 GWh eða 63,2% af heildarorkuöfluninni.

Orkusala minnkaði um 5,7 % frá fyrra ári og nam alls 212,7 GWh. Til hitunar voru seldar 140,5 GWh sem eru um 66% af heildorkusölu fyrirtækisins. Á alla orkusölu, nema húshitun, var lagður 25,5% virðisaukaskattur. Á húshitun var lagður 7% virðisaukaskattur. Af virðisaukaskatti á húshitun voru 63% endurgreidd á veitusvæði Orkubúsins. Álagður skattur á húshitun var því 2,59% nettó.

Verðskrár Orkubús Vestfjarða voru hækkaðar 1. janúar, verðskrá fyrir flutning og dreifingu raforku hækkaði um 10% og verðskrá fyrir hitaveitur hækkaði um 8% og verðskrá raforkusölu hækkaði um 6%. Þann 1. ágúst hækkaði verðskrá raforkusölu um 3% og enn um 5,3% 1. október.

Á árinu 2010 varð afkoma Orkubús Vestfjarða heldur íakari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstraráætlun ársins gerði ráð fyrir rekstrarhagnaði að upphæð 300,5 Mkr. en samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af venjubundnum rekstri fyrir skatta, sem nam um 240,4 Mkr., en þegar tekið er tillit til breytinga á tekjuskattsprósantu og bókfærðs tekjuskatts 2009 er hagnaður ársins um 208,3 Mkr.. Afskriftir námu alls 222,3 Mkr.. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2010 voru alls 5.637 Mkr. og heildarskuldir alls 742 Mkr. Eigið fé nam því alls 4.895 Mkr. sem er um 86,8 % af heildarfjármagni.

Öllu starfsfólk Orkubús Vestfjarða eru þökkuð þeirra góðu störf.

*Kristján Haraldsson
orkubússtjóri*



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Staða Orkubús Vestfjarða ohf. hlýtur að teljast góð. Þrátt fyrir að starfa á erfiðu rekstrarsvæði í samanburði við önnur orkuþyrtæki, hefur Orkubúið komist í gegnum efnahagsáföll undanfarinna ára fremur auðveldlega.

Sú stefna fyrirtækisins að meta hagkvæmni fjárfestinga og fjármagna framkvæmdir með eigin fé án þess að taka langtímalán, ræður þar miklu en mörg önnur orkuþyrtæki eiga nú í erfiðleikum með að fjárfesta og fjármagna framkvæmdir. Á sama tíma er Orkubúið nánast skuldaust og hefur afl til þess að standa í stórræðum á Vestfjörðum einmitt þegar atvinna hefur dregist saman.

Á árinu 2010 hófst vinna við endurnýjun og stækkan Mjólkárvirkjunar, stærstu virkjunar Orkubúsins og er gert ráð fyrir að verkinu ljúki haustið 2011. Kostnaður er áætlaður um einn milljarður króna og verður fjármagnaður með eigin fé.

Rekstur Orkubús Vestfjarða á árinu 2010 gekk vel og sjötta árið í röð skilaði fyrirtækið hagnaði. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2010 var hagnaður eftir skatta 208,3 Mkr. Veltufé frá rekstri nam 477,2 Mkr. og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti var 440,7 Mkr. Bókfærðar afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna námu 222,3 Mkr. Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 647,0 Mkr. á árinu.

Þrátt fyrir góðan hagnað af rekstri, hefur verðlagning Orkubúsins verið hófleg í samanburði við önnur orkuþyrtæki og raunar hefur Orkubúið jafnan boðið lægsta raforkuverðið á samkeppnismarkaði.

Tvennt skyggir þó á góða stöðu. Í fyrsta lagi er afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum ábótavant, þó að það hafi batnað á síðastliðnum árum. Bilanir á Vesturlínu sem er á vegum Landsnets, ráða þarna mestu. Orkubúið hefur ítrekað bent á að þar sé úrbóta þörf. Landsnet hefur nú til skoðunar að auka varaafli með því að setja upp stóra díselrafstöð, væntanlega á Ísafirði eða í Bolungarvík.

Í öðru lagi hafa niðurgreiðslur úr ríkissjóði vegna rafhitunar og niðurgreiðslur til notenda í dreifbýli ekki haldið í við verðlag. Þess vegna finna margir Vestfirðingar fyrir hækjunum á orkureikningum. Þessi þróun hefur þó ekki orðið fyrir tilverknað Orkubúsins og fyrirtækið hefur ekki hag af henni.

EKKI er sjálfgefið að unnt sé að reka orkuþyrtæki á Vestfjörðum með þeim árangri, sem ársreikningur Orkubúsins ber með sér. Fyrst ber að þakka dugmiklu starfsfólki, sem vinnur störf sín af kostgæfni. Í öðru lagi verður að minnast á þátt orkubústjóra, sem hefur í meira en þrjá áratugi stýrt fyrirtækinu með myndarbrag. Loks skal þakkað stjórnarfólk á liðnum árum en það hefur sýnt samstöðu, haft hagsmuni Orkubúsins að leiðarljósi og forðast að afgreiða mál í ágreiningi. Mættu stjórnir annarra fyrirtækja í opinberri eigu taka sér það til fyrirmynðar.

Að lokum færi ég stjórn og starfsfólk Orkubús Vestfjarða kærar þakkir fyrir gott samstarf á liðnu starfsári.

*Guðmundur Jóhannsson,
formaður stjórnar Orkubús Vestfjarða*



Starfsmannaferð



HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2010

Rafveitusvið

Graffinn var 12 kV jarðstrengur milli aðveitustöðva á Ísafirði og í Bolungarvík. Þessi framkvæmd var hluti samstarfsverkefnis milli Orkubús Vestfjarða, Landsnets, Vegagerðar og Ísafjarðarbæjar. Með þessu opnast möguleiki á 12 kV tengingu milli þessara byggðarkjarna. Í sama skurð fór einnig 66 kV jarðstrengur sem leysir af hóimi gamla loftlinu sem liggur frá Ísafirði, fram Hnífsdal til Bolungarvíkur.

Hafist var handa við endurnýjun og þrifosun Barðastrandalínu með plægingu þriggja fasa jarðstrengs frá Sandodda Patreksfirði að botni Skápadals.

Plægður var háspennustrengur og ljósleiðari frá Mjólkárvirkjun upp í Borgarhvílt vegna nýrrar virkjunar, Mjólkár III, sem tekin var í rekstur á haustdögum.

Haldið var áfram endurbótum á Bíldudalslínu vegna fyrirhugaðrar spennuhækkunar.

Nýr sæstrengur var lagður yfir Steingrímsfjörð og með því endurvakin hringtenging.

Ný háspennutenging til Þingeyrar var tekinn í notkun. Tvær nýjar spennistöðvar voru teknar í notkun í Óshlíðargöngum og nýr spennir var tekinn í notkun í spennistöð Kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal.

Keyptur var stjórnþúnaður vegna fjargæslu í spennistöðvar Borgarbraut Hólmavík, rofahús Reykhólum, miðbæjarstöð Ísafirði, Stakkanes Ísafirði, Stakkanes Steingrímsfirði og fleiri stöðvar og byrjað að hanna og teikna stýringar.

Orkusvið

Lokið við kortlagningu yfirborðshita í Vesturbyggð og tillögur lagðar fram um næstu skref í jarðhitaleit. Borholutoppar á Reykólum og Reykjanesi lagfærðir ásamt fráveitulögnum.

Mjólká III tekin í rekstur á árinu, sjá umfjöllun bls. 26 og 27. Samið um kaup á 5,7 MW fimm stúta Pelton vélasamstæðu sem kemur í stað núverandi 5,7 MW vél II með uppsetningu 2011 í huga.



Spennistöð fjarlægð Bassastöðum



Unnið við rofa í rofahúsi Reykhólum



HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2011

Rafveitusvið

Lagður verður nýr sæstengur milli Reykjaness og Nauteyrar í Ísafjarðardjúpi. Reykjanesálma í Reykhólalínu verður endurnýjuð og þrifösuð með plægingu jarðstrengs. Djúptenging verður styrkt með plægingu jarðstrengs fram Staðardal í Steingrímsfirði og eldri strengur tekinn undir dreifingu. Haldið verður áfram styrkingu Norðurlínu og rofahús í Trékyllisvík endurnýjað og gert fjarstýranlegt.

Lokið verður endurnýjun Bíldudalslínu vegna fyrirhugaðrar spennuhækkunar. Spenn upp úr Skápadalsbotni verður endurnýjað og bætt við tveimur fösum. Háspennurofar Barðastrandalínu í Patreksfirði verða endurnýjaðir og gerðir fjarstýranlegir.

Annar nýr háspennustrengur til Þingeyrar verður tekinn í notkun og skipt um rofabúnað í aðveisitostöð Skeiði Dýrafirði og í tveimur spennistöðvum samhlíða því. Háspennubúnaður verður endurnýjaður í spennistöð Ísafjarðarvegi í Hnífssdal.

Nýr háspennustrengur verður lagður milli Málagötu og Hjallavegar á Ísafirði og lágpennudreifing í Eyrargötu endurbætt.

Lokið verður við hönnun, teikningu og uppsetningu á fjargæslubúnaði í nokkrar spennistöðvar. Rofar Orkubúsins í aðveisitostöðvum í Geiradal og Hrútatungu verða gerðir stýranlegir frá okkar fjargæslukerfi. Mýrarárvirkjun verður gerð fjarstýranleg.

Unnið verður að endurnýjun aðveisitostöðvar á Ísafirði í samvinnu við Landsnet.

Orkusvið

Gert er ráð fyrir að styrkur Orkusjóðs ásamt framlagi Orkubúsins og Vesturbyggðar verði nýttur til jarðhitaleitar þar. Sömuleiðis ná markmiðum Tálknafjarðarhrepps og Orkubúsins og koma á borun 1.200 m djúprar holu og ef vel tekst til að sú hola geti orðið að vinnsluholu. Koma upp tengibrunni á Reykhólum og leggja lagnir á milli eftir og neðra dreifikerfis, samtals um 800 metra af einfaldri hitaveitulögnum bæði 80 og 100 mm stállögnum.

Uppsetning á 1.200 kW túpukatli í Kyndistöð Skeiði Ísafirði. Eftir þá framkvæmd er afl stöðvarinnar í rafmagni 2,4 MW. Kaup á einni 600 kW færانlegri rafstöð og leggja niður eina vél á Patreksfirði, samtals 1,4 MW.

Lengja stöðvarhús Mjólkárþirkjunar I og II um 6,3 metra eða 74 m². Koma fyrir nýrrí vél og fjarlægja þá gömlu. Ákveðinn yfirlangstími skapast þegar gamla vélín verður stöðvuð, pípan tæmd áður en hægt er að fylla hana aftur af vatni. Á þessu tímabili verður settur upp nýr höfuðloki á pípu við vél og nýr pípubrotsloki í inntaki við Langavatn. Einnig verða tveir þanar á pípumni sjálfri endurnýjaðir. Ýmis frágangsvinna er eftir vegna framkvæmda við Mjólká III frá árinu 2010, sem verður framkvæmd í sumar.

Hagkvæmnisathuganir á að auka miðlun Mjólkárþirkjana verður unnin á árinu, þ.e. hækkan Tangavatns, myndun Urðarvatnsmiðlunar og Hofsárveitu efri. Að þeiri vinnu lokinni kemur í ljós hvaða miðlun er hagstæðust. Sömuleiðis verður verkhannað og kostnaðargreint að miðla Mávavatni sem er á vatnasviði Blævadalsárvirkjunar.



Framkvæmdir við Mjólká III



Aðalfundur SOV



ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI ORKUBÚS VESTFJARÐA



Íbúatala 1.12.2010	Breyting frá 1.12.2009	Íbúatala 1.12.2009	Breyting frá 1.12.2008
-----------------------	---------------------------	-----------------------	---------------------------

Svæði I:

Bolungarvík	887	-81	968	6
Ísafjarðarbær	3.816	-81	3.897	-71
Súðavíkurhreppur	194	-11	205	-10
Samtals svæði I	4.897	-173	5.070	-75

Svæði II:


Tálknafjarðarhreppur	304	7	297	-5
Vesturbyggð	891	-47	938	37
Samtals svæði II	1.195	-40	1.235	32

Svæði III:

Árneshreppur	52	2	50	1
Bæjarhreppur	100	4	96	-2
Kaldrananeshreppur	106	-8	114	4
Reykhólahreppur	278	-14	292	13
Strandabyggð	501	-5	506	16
Samtals svæði III	1.037	-21	1.058	32

Vestfirðir samtals	7.129	-234	7.363	-11
--------------------	-------	------	-------	-----

Orkunotkun pr. íbúa 1978-2010





Mjólká III

ÁRSREIKNINGUR 2010



ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf



Þverá

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússstjóra	11
Áritun endurskoðenda	12
Rekstrarreikningur	13
Efnahagsreikningur.....	14-15
Sjóðstreymi.....	16
Skýringar og sundurliðanir	17-25
Rekstrar- og efnahagsstærðir.....	25



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG ORKUBÚSSTJÓRA

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Á árinu 2010 varð hagnaður af rekstri Orkubús Vestfjarða ohf. sem nam 208,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2010 voru alls 5.637 millj. kr. og heildarskuldir alls 742 millj. kr. Eigið fé nam því alls 4.895 millj. kr. sem er um 86,8 % af heildarfjármagni. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. hafa ekki verið endurmetnar.

Eigandi Orkubús Vestfjarða ohf. er Ríkissjóður Íslands.

Á árinu 2009 voru teknar ákvarðanir um virkjunarframkvæmdir og endurnýjun í Mjólkárvirkjun á árunum 2010 og 2011. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði um 1.000 Mkr. og að ekki þurfi að taka láń til lengri tíma vegna þessara framkvæmda.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf. staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2010.

Kópavogi, 18. apríl 2011

Guðmundur Jóhannsson
stjórnarformaður

Kolbrún Sverrisdóttir

Viktoría Rán Ólafsdóttir

Árni Brynjólfsson

Eyrún I. Sigþórsdóttir

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri



ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og hluthafa í Orkubúi Vestfjarða ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2010 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álíti sem við látum í ljós á ársreikningum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeiri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 18. apríl 2011

Deloitte hf.

Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2010

Rekstrartekjur:

	Skýr.	2010 þús. kr.	2009 þús. kr.
Raforkusala	15	1.208.362	1.175.932
Sala á heitu vatni	16	458.182	446.783
Tengigjöld	2	44.621	30.524
Aðrar tekjur	17	69.261	83.719
		1.780.426	1.736.958

Rekstrargjöld:

Rekstur raforkukerfis:

Orkuver	18	161.692	183.637
Raforkukaup.	19	458.643	420.878
Raforkuflutningur	20	37.001	37.068
Aðveit- og dreifikerfi	21	175.828	174.289
		833.164	815.872

Rekstur hitaveitukerfis:

Raforkukaup.	92.162	83.498
Kyndistöðvar	95.267	104.251
Dreifikerfi	25.530	26.123
	212.959	213.872

Sameiginlegur rekstrarkostnaður.....	25	293.648	284.253
		1.339.771	1.313.997

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti		440.655	422.961
--	--	---------	---------

Afskriftir	3, 4	222.272	210.454
------------------	------	---------	---------

Rekstrarhagnaður		218.383	212.507
------------------------	--	---------	---------

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur og verðbætur.....		22.074	37.137
Vaxtagjöld		(20)	(2.107)
		22.054	35.030

Hagnaður fyrir skatta		240.437	247.537
-----------------------------	--	---------	---------

Tekjuskattur	11	(32.097)	(13.153)
--------------------	----	------------	------------

Hagnaður ársins	208.340	234.384
------------------------	----------------	----------------



EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

		2010	2009
	Skyr.	þús. kr.	þús. kr.
Fastafjármunir:			
Óefnislegar eignir:			
Virkjanaframkvæmdir	3	<u>16.890</u>	<u>25.015</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	4		
Raforkukerfi.	3.344.310	2.891.040	
Hitaveitukerfi.	331.158	364.269	
Aðrir rekstrarfjármunir	<u>794.417</u>	<u>781.735</u>	
	<u>4.469.885</u>	<u>4.037.044</u>	
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Hlutabréf	8	355.684	356.230
Reiknuð tekjuskattsinneign	11	<u>111.570</u>	<u>143.667</u>
	<u>467.254</u>	<u>499.897</u>	
Fastafjármunir		<u>4.954.029</u>	<u>4.561.956</u>
Veltufjármunir:			
Vörubirgðir	2	186.314	229.781
Skammtímakröfur:	2		
Útistandandi orkureikningar	22	221.656	217.893
Aðrar skammtímakröfur	23	145.260	184.759
Handbært fé.	2	<u>129.326</u>	<u>148.124</u>
Veltufjármunir		<u>682.556</u>	<u>780.558</u>
Eignir samtals		<u>5.636.585</u>	<u>5.342.514</u>



31. DESEMBER 2010

Skuldir og eigið fé

		2010	2009
	Skýr.	þús. kr.	þús. kr.
Eigið fé:			
Eigið fé.....	9	4.895.055	4.686.714

Skuldbindingar:

Lífeyrisskuldbinding	10	490.637	476.149
		<u>490.637</u>	<u>476.149</u>

Skammtímaskuldir:

Ýmsar skammtímaskuldir	24	250.893	179.650
		<u>250.893</u>	<u>179.650</u>

Skuldir samtals	741.530	655.799
------------------------	----------------	----------------

Skuldir og eigið fé samtals	5.636.585	5.342.514
------------------------------------	------------------	------------------

Aðrar skuldbindingar:	12
-----------------------------	----



SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2010

	2010 þús. kr.	2009 þús. kr.
Handbært fé frá rekstri:		
Hagnaður skv. rekstrarreikningi	208.340	234.384
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárdreymi:		
Sölutap (hagnaður) eigna	0	(3.625)
Afskriftir	222.272	210.454
Tekjuskattur	32.097	13.153
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	14.488	16.009
Veltufé frá rekstri	477.197	470.375
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Birgðir, lækkun (hækkun)	43.467	(87.169)
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	19.870	33.300
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	10.243	(42.829)
Breytingar alls	73.580	(96.698)
Handbært fé frá rekstri	550.777	373.677
Fjárfestingarhreyfingar:		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		
Raforkukerfi	(576.726)	(228.725)
Hitaveitukerfi	(3.932)	(16.904)
Aðrir rekstrarfjármunir	(66.331)	(104.911)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	0	2.966
Seld (keypt) hlutabréf	547	6.442
Hækkun á bundnum bankainnistæðum	15.866	69.188
Fjárfestingarhreyfingar	(630.576)	(271.943)
Fjármögnumunarhreyfingar:		
Skammtímaskuldir vegna fjárfestingar	61.000	10.259
Fjármögnumunarhreyfingar	61.000	10.259
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(18.798)	111.992
Handbært fé í ársbyrjun	148.124	36.132
Handbært fé í árslok	129.326	148.124



SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Orkubú Vestfjarða ohf. er framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í að virkja vatnsafl og jarðhita á Vestfjörðum, eiga og reka orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyn distöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi. Jafnframt að stunda virkjunarrannsóknir og aðrar undirbúningsrannsóknir svo og rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Félagini er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Í ársreikningnum eru birtar samanburðarfjárhæðir úr ársreikningi fyrra reikningsárs.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggar fyrir með öðrum hætti.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félagini.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarrekningi að teknu tilliti til afslátta.

Tengigjöld notenda námu alls 44,6 millj. kr. á árinu 2010. Með tilliti til þess að tengigjöld eru einungis 2,5% af Árekstrartekjum eru þau tekjfærð að fullu í rekstrarrekningi ársins.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Erlendir gjaldmiðlar og verðbætur

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við þær vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2011 og eru verðbætur færðar í rekstrarrekning. Peningalegar eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok ársins og er gengismunur færður yfir rekstrarrekning.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarrekning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.



Skýringar frh.

Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinnungur tengdur eigninni muni nýtast félagini og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinnungur tengdur eigninni muni nýtast félagini og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna er kostnaður vegna fyrirhugaðra virkjanaframkvæmda. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning.

Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar við síðasta innkaupsverði.

Verðbréf

Verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisrekning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Niðurfærslu krafna er ætlað að mæta þeirri áhættu sem fylgir kröfum Orkubúsins á aðra aðila. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Breyting niðurfærslunnar á árinu sundurliðast þannig í þús. kr.:

	2010	2009
Ársbyrjun	27.926	15.733
